

Föstudagsmorgunn. Erró-safnið verður opnað á morgun og Erró er staddur á landinu til að vera við opnun þess. Það hefur ekki farið fram hjá neinum. Að þessu sinni eru fjölmargir list- og Erróvinir komnir til Íslands. Margir þeirra nánir vinir hans en aðrir þekkja hann minna, hafa bara kynnst honum og heillast. Hann er vin-sæll. Á hverjum degi vinnur hann í tíu tíma á vinnustofu sinni en á kvöldin snæðir hann með vinum sínum. Hluti af þeim er hingað kominn til að sjá opnun sýningarinnar og landið sem ól listamanninn.

Mannabein í maganum

Þeir eru kannski ekki margir sem gætu fyllt sextíu manna rútu af vinum sínum, sérstaklega ef tekið er tillit til þess að þetta fólk var ekki í boði Errós, það greiddi sjálft fyrir ferðina til Íslands. Rútan stendur fyrir utan Hótel Sögu og býður þess að aka vestur í Stykkishólm með mannabein í maganum, að mestum hluta frönsk mannabein. Og franskar tungur.

Ég sit með ljósmyndaranum aftarlega í langferðabifreiðinni, fyrir framan okkur situr vinkona Errós sem er af rússneskum aðalsættum, líklega prinsessa. Í aftasta sætinu situr lögmaður Errós, herra Bern, sem er einnig lögmaður margra annarra listamanna í París.

Hestur flassar

Klukkan er átta þegar rútan rennur af stað. Leiðsögumaðurinn segir góðan daginn sem eru síðustu orðin á íslensku sem mælt eru í hljóðnemann þennan daginn. Franskan tekur við og allt í einu er eins og maður sé staddur í útlöndum í túristaferð. Bílstjórinn ekur vítt og breitt um Reykjavík sem kynnir sig fyrir fólkinu. Leiðsögumaðurinn vísar veginn um reykviska staði tengda Frökkum og franskri sögu. Þegar við höfum ekið fram hjá kirkjugarðinum við Suðurgötu, Höfða og franska spítalanum er stefnan tekin út úr borginni. Síðasti staðurinn í Reykjavík sem leiðsögumaðurinn bendir á eru Korpúlfsstaðir en þar stóð einmitt til að Erró-safnið yrði. Á sömu slóðum heilsar íslenskur hestur gónandi fólki í gluggum rúttunnar með því að sleppa lim sínum lausum svo hann strýkur nær jörðina. Hann tekur litla athygli og minni lukku.

Ljósið við enda ganganna

Frönsk menntaskólatalpa situr nálægt okkur með frænku sinni sem er pirruð út í loftræstikerfi rúttunnar sem er frekar hávært (ég veit núna að þetta á eftir að angra hana alla ferðina). Hún er áhugasöm um umhverfið og hlær að jarðhýsinu á Vallá á Kjalarnesi. Annars virðist hún frekar alvöruféfin, langynst ferðalanganna og lætur fara lítið fyrir sér.

Göngin undir Hvalfjörðinn eru löng og fólk andvarpar þegar bíllinn hellir sér niður í undirdjúpin. Frænkan talar í síma og manni finnst það dálítið merkilegt að hér er hún stödd marga metra undir sjónum á Íslandi og er að tala við ættingja eða vin í Frakklandi.

Eftir nokkra stund í göngunum upplifir maður að venju þessa tilfinningu sem maður hefur heyrt lýsingu á hjá fólki sem hefur verið nálægt dauðanum: þessi tilfinning þegar maður sér ljósið við endann á göngunum. Rútan siglir upp neðanjarðarbrekkuna og upp í sólskinið.

Staur og Lindu-buff

Við nemum staðar í Hyrnni í Borgarnesi. Þar ríkir alvöru íslensk vegamening. Sjoppurnar eru lestarstöðvar Íslands þar sem allt blandast saman. Oft hefur maður staðið í þessari sjoppu og séð túristahöpana ryðjast inn í leit að æti og upplifun. Nú er ég aldrei þessu vant í hinu liðinu, innrásarliðinu. Og innrásarliðið er vel skipað af listamönnum, lögfræðingum, listgagnrýnendum og stærsta blindrammaframléiðanda Parísar.

Erró fer í búðina og kaupir Staura og Lindu-buff handa öllu liðinu. Fólk finnst það gott og þaplar á íslenska namminu þangað til við leggjum af stað aftur, út á mýrarnar í átt að fjöllumunum.

Flúði frá hákarlinum

Malbikið tekur sér langt hlé þegar farið er yfir Kerlingarskarð. „Welcome to Iceland,“ segir einhver um leið og við hristumst áfram. Þeir sem eru hægra megin í rúttinni sjá Kerlinguna en aðrir bíða heimferðarinnar til að berja hana augum.

Sólin hefur dregið sig í hlé. Veðrið er samt gott og Breiðafjörðurinn er fallegur með öllum sínum eyjum. Við lendum í Bjarnarhöfn þar sem Hildibrandur bóndi og veiðimaður tekur á móti okkur; segir frá sögu staðarins; sýnir okkur kirkjuna og síðast en ekki síst: gefur okkur há-

karl og brennivín. Frakkar hafa ótrúlega háan sársaukaþróskuld hvað mat varðar og því eru bara tveir sem hlaupa út úr húsinu með miklum hljóðum, ótrúlega miklum hljóðum miðað við það hvað þeir halda fast um munninn á sér. Rússnesku prinsessunni líkar þetta ágætlega og spjallar við Erró um landsins gagn og nauðsynjar.

Hákarlahjallarnir eru heimsóttir við mikla hrifningu Frakkanna. Þeir fara undir hjallana og flýja svo undan þeim vagna stærkar lyktarinnar. Að lokum hrúgast fólk upp í rúttuna og kveður Hildibrand.

„Hann safnar fólki“

Halló, Stykkishólmur. Óperu-Bjarni og konan hans eiga von á Erró og fylgdarliði til að vígja nýjan stað sem þau eru með við höfnina í Stykkishólmi. Þau taka vel á móti

okkur og við snæðum góðan málsverð áður en við höldum um borð í bát.

Á meðan beðið er eftir miðum í bátinn spjalla ég við Susan Firestone sem er bandarískur listamaður. Mér, plebbanum, finnst hún ekki síður merkileg fyrir þær sakir að það er gúmmilykt af eftirnafninu. Hún er í alvöru af ætt dekkjaframléiðendanna. Hún segir að Erró sé sjálfur mjög merkilegur ekki síður en list hans. „Hann safnar fólki,“ segir hún og brosir, „hann er yndislegur.“ Susan er í kompaní við amerískan listunnanda, Watermann, en hann á eitt stærsta safn sýningarskráa í heiminum. Sagan segir að hann hafi áður safnað listaverkum en hætt því þegar listamaður stakk undan honum, þá hafi hann sntúð sér að annarri og áhættu-minni iðju.

„Þegar maður eignast svona vin“

Báturinn siglir af stað og gestirnir gleypa landslagið með augunum. Hvert sker er í augum þeirra eins og móðernískt málverk. Lebel, besti vinur Errós í rúm 40 ár, er heillaður. „Ef einhver settist einfaldlega niður og málaði mynd af berginu og litbrigðum þess yrði það eitt fegursta verk sem málað hefur verið.“ Skömmu síðar bendir hann á bergmyndir sem hann segir fyllilega jafnað á við samtíma höggmyndalist. Um Erró og vináttu þeirra segir hann: „Þegar maður eignast svona vin þá sleppir maður honum aldrei.“

Iðandi líf í munni

Hápunktur ferðarinnar er þegar skipverjar draga upp úr hafinu hörpuskel og annað góðgæti úr undirdjúpunum. Frakkarnir verða óðir. Þeir grípa skeljarnar og opna, skafa fiskinn úr þeim og éta. Skandinaviskur hópur horfir undrandi á aðfarirnar og lætur sér nægja að éta vöðvann sjálfan. Frakkarnir éta allt sem inni í skelinni er. Myndarleg kona í föruneiti Errós opnar skelina sína, fiskurinn er enn lifandi og spriklar ótæpilega. Hún hikar smástund en tekur svo af skarið og stingur dýrinu iðandi af lífi upp í sig, kyngir og skolar niður með hvítvíni.

Eftir allt átið sljakkar í fólki og værd færist yfir manskapinn. Baturinn rýfur spegilsléttan sjóinn og heldur til lands þar sem hann skilar gestum sínum í næsta vélknúna farartæki sem flytur hópinn aftur til Reykjavíkur þar sem sýning Errós verður opnuð eftir 24 klukkustundir.

Að taka þátt

Við opnun sýningarinnar í Hafnarhúsinu er fjölmenni. Margir listþenkjandi menn eru þangað komnir til að berja verkin og Erró augum. Hvítvín rennur niður vélindu, orð flækjast á milli manna. Orð manns í listakreðsuni festast í höfði mér: „Þegar Erró kemur til landsins þá er alltaf hringleikahús. Og það eina sem maður getur gert er að taka þátt.“



DV-MYNDIR EINAR J.

Hringleikahús Errós